

Náttúrustofa Norðausturlands
Hafnarstétt
640 Húsavík

Akureyri, 1. júlí 2021
UST202105-290/D.Ö.H.
09.05.01

Efni: Umsókn um leyfi til rannsókna - ýmis friðlýst svæði

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Náttúrustofu Norðausturlands, dagsett 26. maí 2021 um leyfi fyrir rannsóknum við Goðafoss, Hverfjall, í Seljahjallagili og Dimmuborgum.

Dimmuborgir eru friðlýstar sem náttúruvætti sbr. auglýsingu nr. 1262/2011. Óheimilt er að hrófla við eða skemma á annan hátt jarðmyndanir, spilla gróðri eða trufla dýralíf í náttúruvættinu. Almennungi er heimil för um náttúruvættið, en fylgja ber merktum stígum og leiðum í samræmi við fyrirmæli umsjónaraðila hverju sinni. Sérstakt leyfi Umhverfisstofnunar þarf fyrir öllum athöfnum og viðburðum svo sem stærri samkomum og kvikmyndun.

Seljahjallagil, Þrengslaborgir og Bláhvammur eru friðlýst sem náttúruvætti sbr. auglýsingu nr. 296/2012. Markmið friðlýsingar er að vernda sérstæðar jarðmyndanir og dýralíf. Óheimilt er að skerða gróður, spilla jarðmyndunum eða trufla dýralíf af ásetningi.

Hverfjall er friðlýst sem náttúruvætti sbr. auglýsingu nr. 1261/2011. Óheimilt er að spilla gróðri í náttúruvættinu og óheimilt er að trufla dýralíf af ásetningi innan marka náttúruvættisins. Almennungi er heimil för um náttúruvættið, en fylgja skal merktum stígum og leiðum í samræmi við fyrirmæli hverju sinni.

Goðafoss er friðlýstur sem náttúruvætti sbr. auglýsingu 647/2020. Óheimilt er að raska gróðri, trufla dýralíf og hrófla við jarðmyndunum á friðlýsta svæðinu. Flug fjarstýrðra loftfara er óheimilt innan náttúruvættisins nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Markmið verkefnisins er að fylgjast með hvort umferð ferðamanna sé að valda skemmdum á gjóskugígnum Hverfjalli, skemmdum á hraunmyndunum í Dimmuborgum og gróður- og jarðvegseyðingu utan göngustíga í Dimmuborgum, taka út mögulegt álag ferðamanna á jarðminjar, gróður og jarðveg í Seljahjallagili og við Goðafoss. Flygildi verður notað í Dimmuborgum og við Goðafoss til þess að taka myndir úr lofti.

Þörf er á að fara út fyrir stíga á svæðunum þar sem skemmdir á jarðminjum eru utan þeirra og eins þar sem hentistígar hafa myndast. Bæði verða skemmdir og hentistígar mældir, skráðir og hnitsettir.

Verkefnið er hluti af vöktun á álagi af völdum ferðamanna á friðlýstum svæðum. Unnið verður að verkefninu á tímabilunum 5. - 16. júlí og 16. - 27. ágúst.

Gert er ráð fyrir að tveir starfsmenn taki þátt í verkefninu og það taki allt að þrjú daga.

Áhrifamat:

Rannsóknirnar eru ekki taldar hafa áhrif á náttúrufar eða verndargildi svæðanna en niðurstöðurnar hafa mikið gildi fyrir stjórnun svæðanna með það í huga að draga úr neikvæðum áhrifum á náttúrufar. Gestir svæðanna gætu orðið fyrir skammtímaáhrifum vegna umferðar dróna og umferðar rannsakenda utan merktra stíga. Starfsmenn verkefnisins skulu því vera í merktum fatnaði.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Náttúrustofu Norðausturlands fyrir sitt leyti leyfi fyrir rannsóknum við Goðafoss, Hverfjall og í Dimmuborgum sbr. lýsingu hér að ofan í júlí og ágúst 2021 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Rannsóknaraðilar skulu auðkenndir Náttúrustofu Norðausturlands við vinnu sína.
- Í samræmi við ráðleggingar Náttúrufræðistofnunar Íslands er farið fram á að notkun ómannaðra loftfara fari ekki fram í Dimmuborgum fyrr en á seinna tímabili rannsókna, þ.e. 16. – 27. ágúst.
- Aldrei skal að fljúga ómönnuðu loftfari í nágrenni og yfir fólki og forðast skal að trufla friðsæld svæðisins og upplifun gesta, öryggi þeirra og persónuvernd eins og hægt er.
- Aldrei skal að fljúga ómönnuðu loftfari í nágrenni og yfir fólki og forðast skal að trufla friðsæld svæðisins og upplifun gesta, öryggi þeirra og persónuvernd eins og hægt er.
- Aldrei skal fljúga ómönnuðu loftfari nálægt dýrum eða fuglum, hvorki nálægt hreiðrum né á varptíma eða á þeim tíma sem telst viðkvæmur fyrir dýr og fugla.
- Flugtíma skal haldið í lágmarki og það skal fara fram utan þess tíma sem flestir gestir eru á svæðinu.
- Ef drónaflugið hefur truflandi áhrif á fugla- og/eða dýralífið skal því hætt samstundis.
- Stjórnandi/eigandi hins ómannaða loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á svæðinu, að það skaði ekki fólk, dýralíf, eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt. Ekki skal skilja eftir hluta loftfarsins á svæðinu heldur finna og endurheimta loftfarið og alla hluta þess ef það brotlendir eða bilar.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Umhverfisstofnun mælist til þess að taka skuli á loft og lenda ómönnuðu loftfari í öruggri fjarlægð frá gestum svæðisins skv. reglugerð um ómönnuð loftför nr. 990/2017

Að öðru leyti skal haga flugi ómannaðra loftfari í samræmi við reglugerð nr. 990/2017, um starfrækslu fjarstýrðra loftfara.

Umhverfisstofnun bendir á að dróna sem notaðir eru í atvinnuskyni þarf að skrá sérstaklega hjá Samgöngustofu.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Tilkynna skal Landgræðslunni um fyrirhugaðar rannsóknir í Dimmuborgum.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Virðingarfyllt

Arna Hjörleifsdóttir
sérfræðingur

Davíð Örvar Hansson
sérfræðingur